

Fleira kom ekki til umræðu.
Fundarbók lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið 7. júní 1904.

112
7. júní

Páll Briem. Árni Jónsson. Stefán Stefánsson. Björn Sigfússon. Ólafur Briem.

Rjetta útskrift staðfestir

Páll Briem.

Fundargjörðir

113
12. ág.

amtsráðs Austuramtsins 10.—12. ágúst 1904.

Ár 1904 hinn 10. dag ágústmánaðar var aðalfundur amtsráðs Austuramtsins settur og haldinn á Seyðisfirði af amtmanni Páli Briem, aðalamtsráðsmanni Austurskaptafellssýslu Þorgrími hjeraðslækni Þórðarsyni á Borgum, varaamtsráðsmanni Suðurmúlasýslu Sveini bónda Ólafssyni í Firði í Mjóafirði, aðalamtsráðsmanni Norðurmúlasýslu síra Einari Þórðarsyni á Bakka í Borgarfirði og aðalamtsráðsmanni Norðurþingeyjarsýslu Árna hreppstjóra Kristjánssyni á Lóni.

Á fundinum voru þessi málefni tekin til meðferðar:

1. Forseti skýrði frá að kosnir hefðu verið sem amtsráðsmenn um 6 ára tíma-
bil.
 - a. Í Austurskaptafellssýslu sem aðalamtsráðsmaður Þorgrímur hjeraðslækni-
ir Þórðarson á Borgum, og sem varaamtsráðsmaður Þorleifur hreppstjóri
Jónsson á Hólum.
 - b. Í Suðurmúlasýslu sem aðalamtsráðsmaður Friðrik kaupmaður Möller á
Eskifirði, og sem varaamtsráðsmaður Sveinn bóndi Ólafsson í Firði í
Mjóafirði. — Amtsráðið samþykkti kosningar þessar.
2. Forseti skýrði frá, að í Norðurmúlasýslu hefði verið kosinn varaamtsráðs-
maður síra Björn Þorláksson á Dvergasteini, í stað varaamtsráðsmanns Jóns
Jónssonar á Vopnafirði, sem farinn er af landi burt, og var kosningin sam-
þykkt.
3. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eftirfylgjandi sjóða 1903
með fylgiskjölum:
 - a. Jafn aðarsjóðs Austuramtsins,
 - b. Bún aðarsjóðs Austuramtsins,
 - c. Bún aðarskólasjóðs Austuramtssins,
 - d. Gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar,
 - e. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar.

113

12. ágúst

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.

4. Forseti lagði fram sýslusjóðsreikninga og sýsluvegasjóðsreikninga fyrir 1903 úr öllum sýslum amtsins, alla með tilheyrandi fylgiskjölum.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.

5. Framlögð voru og lesin upp endurrit úr gjörðabókum allra sýslunefnda í amtinu af fundargjörðum þeirra:

- a. Norðurþingeyjarsýslu frá 18.—20. apríl 1904,
- b. Norðurmúlasýslu frá 26.—28. apríl 1904,
- c. Suðurmúlasýslu frá 20.—25. apríl 1904,
- d. Austurskaptafellssýslu frá 4. maí 1904.

Amtsráðið hafði ekkert verulegt að athuga við fundargjörðirnar.

6. Framlagðar voru skýrslur um hag styrktarsjóða alþýðufólks í Norðurþingeyjarsýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suðurmúlasýslu og Austurskaptafellssýslu fyrir árið 1903. Skýrsla um hag þessara sjóða í Norðurmúlasýslu 1903 var í sýslufundargjörðinni.

Amtsráðið athugaði skýrslur þessar og þótti ekkert athugavert við þær.

7. Forseti lagði fram fjallskilareglugjörð fyrir vesturhluta Þingeyjarsýslu. Amtsráðið staðfesti reglugjörð þessa fyrir Kelduneshrepp í Norðurþingeyjarsýslu og skyldi hún öðlast gildi 1. janúar 1905.

8. Forseti lagði fram reglugjörð um breytingar á reglugjörð fyrir Suðurmúlasýslu um refaveiðar, notkun afrjetta, fjallskil m. fl. frá 1. janúar 1893.

Amtsráðið staðfesti reglugjörð þessa, og skyldi hún öðlast gildi 1. janúar 1905.

9. Framlögð voru bónarbrjef frá kvennaskóla Eyfirðinga um 100 kr. styrk til skólans og bónarbrjef frá sýslumanni Húnavatnssýslu um 100 kr. styrk til kvennaskólans þar. Bónarbrjefunum fylgdu skýrslur skólanna og reikningur kvennaskóla Eyfirðinga.

Amtsráðið veitti hvorum þessa skóla 100 kr. styrk einsog næstl. ár.

Jafnframt lætur ráðið það álit í ljósi, að æskilegt væri, að kvennaskólar þessir tækju upp kennslu í matreiðslu.

10. Forseti lagði fram heilbrigðissamþykktir:

- a, Fyrir Vopnafjarðarkauptún í Norðurmúlasýslu.
- b, Fyrir Reyðarfjarðarhrepp í Suðurmúlasýslu.
- c, Fyrir Norðfjarðarhrepp í Suðurmúlasýslu.
- d, Fyrir Breiðdalshrepp í Suðurmúlasýslu.

Heilbrigðissamþykktir þessar hafa verið samþykktar af hlutadeigandi sýslunefndum eptir löglegan undirbúning og bornar undir landlækni.

Amtsráðið staðfesti samþykktir þessar, er skulu öðlast gildi 1. janúar 1905.

11. Framlögð var kæra verzlunarstjóra Sigfúsar Danielssonar á Eskifirði, dags.

17. ágúst f. á., um að sýslunefnd Suðurmúlasýslu hafi hækkað aukaútsvar 1902 á verzlun Jóns kaupmanns Magnússonar á Eskifirði, er hann veitir forstöðu, ásamt umsögn sýslunefndar Suðurmúlasýslu. 11:3
12. ág.
- Samkvæmt 1. gr. í lögum 9 jan. 1880 um breytingar á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, leggur sýslunefndin endilegan úrskurð á málið, og verður að visa máli þessu frá.
12. Framlögð var kæra Sigfúsar verzlunarstjóra Danielssonar á Eskifirði, dags. 17. ágúst f. á., um það, að sýslunefnd Suðurmúlasýslu hafi hækkað aukaútsvar hans 1902 um 10 krónur. Sýslunefndin hefir hækkað útsvarið án þess að í þessu máli hafi verið kært yfir útsvari kæranda eða hreppsnefnd hefði lagt úrskurð á málið; verður því að álita, að sýslunefndina hafi brostið lagaheimild til að hækka útsvarið, og fellir amtsráðið því, með 4 atkvæðum gegn 1, úrskurð sýslunefndarinnar í máli þessu úr gildi, að því er snertir útsvarshækkun Sigfúsar Danielssonar.
13. Lögð voru fram brjef sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, dags. 21. maí þ. á., þar sem hann óskar þess, fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að hækka megi sýsluvegasjóðsgjald sýslunnar fyrir 1903 uppí kr. 1,5 og fyrir 1904 uppí kr. 2,25.
- Amtsráðið samþykkti þetta.
14. Lagt var fram brjef sýslumannsins í Skaptafellssýslu, dags. 4. marz þ. á., þar sem hann heldur því fram, að aðrar reglur verði að gilda um ferðakostnað og fæðispeninga hans, sem oddvita kjörstjórnarinnar en um »kjörstjóra«, og að honum hafi því verið heimilt að lögum að reikna sýslusjóði til útgjalda kostnað hans við ferð til að mæta á kjörfundi að Flatey á Mýrum 10. júní 1902 kr. 130,00.
- | | |
|---|---------------------------|
| Amtsráðið getur eigi fallizt á þetta, en samþykkti að greiða mætti, auk þóknunar til hans fyrir 14 daga | kr. 28 00 |
| kostnað fyrir sendiferð með skjöl og bækur | — 80 00 |
| | <u>Samtals kr. 108 00</u> |
- en 22 kr. skyldu greiðast aptur í sýslusjóð.
15. Framlagt var brjef, dags. 30. desemb. 1903, frá Búnaðarfelagi Íslands um það, að Magnúsi dýralækni Einarssyni væri veitt þóknun fyrir kostnað og fyrirhöfn með útbýting á bóluefni.
- Amtsráðið álitur, að Búnaðarfelag Íslands ætti að hafa umsjón með útvegum á bóluefni fyrir land allt og annast um að nægilegt bóluefni væri jafnan til handa fjáreigendum.
- Amtsráðið vill því eigi taka mál þetta að sjer, heldur fela Búnaðarfelaginu það til allra framkvæmda.
16. Lagt var fram brjef frá Jónasi lækni Kristjánssyni á Brekku og Halldóri bónda Benediktssyni á Skriðuklaustri, dags. 5. þ. m., þar sem þeir biðja um riflegan styrk til sjúkraskýlis á Brekku.
- Amtsráðið veitti til sjúkraskýlisins 500 kr.

113 17. Lagt var fram brjef bæjarfógetans á Seyðisfirði, dags. 10. þ. m., þar sem
12. ág. hann óskar að fá 300 kr. styrk til spítalans á Seyðisfirði vegna nauðsyn-
legra húsabóta.

Amtsráðið veitti hinn umbeðna styrk.

18. Forseti lagði fram úrskurð sinn á reikninga búnaðarskólans á Eiðum f. á.
Ennfremur lagði hann fram reikning skólans yfir tekjur og gjöld 1903—
1904 og jafnaðarreikning skólabúsins 3. júní 1904 með fylgiskjölum, at-
hugasemdum og svörum.

Amtsráðsmanni Norðurmúlasýslu var falið að endurskoða reikninginn.

19. Forseti lagði fram brjef frá stjórnarnefnd búnaðarskólans á Eiðum, dags. 3.
júni þetta á., þar sem hún óskar að amtsráð Austuramtsins veiti skólanum
300 kr. styrk til þess að gjöra tilraun með ræktun fóðurrófna í stórum stíl.

Amtsráðið veitti skólanum 600 kr. styrk næstk. ár eins og yfirstandandi
ár.

20. Lagður fram reikningur bókasafns Austuramtsins 1903 með fylgiskjölum.
Amtsráðsmanni Austurskaptafellssýslu var falið að endurskoða reikninginn.

21. Amtsráðsmennirnir lögðu fram reikninga þá, sem nefndir eru í þriðja tölu-
lið, og voru þeir samþykktir athugasemdalaust.

22. Amtsráðsmennirnir lögðu fram sýslusjóðsreikningana, er þeir höfðu endur-
skoðað.

a. Við sýslusjóðsreikning Norðurþingeyjarsýslu þótti athugavert:

1. Samkvæmt gjaldlið 3 hafa yfirsetukvinnalaun verið greidd með
400 kr., en kvittanir eru aðeins fyrir 320 kr. og beiðni frá einni
yfirsetukonu um útborgun á launum hennar, fskj. 10. Þar sem
kvittun fyrir 80 kr. vantar, ber reikningshaldara að útvega hana
og senda.

2. Samkvæmt gjaldlið 4 hafa verið greiddar fyrir hundalækningar
134 kr. og er kvittað fyrir 84 kr. Kvittanir vanta fyrir 50 kr. og
ber reikningshaldara að útvega þær og senda.

3. Skýrslar um hundalækningar vanta og ber að útvega þær og senda.

b. Við sýslusjóðsreikning Norðurmúlasýslu þótti athugavert:

1. Samkvæmt fylgiskj. 30, eru greiddar kr. 3 66 fyrir sóttþreinsun á
Þórarinsstöðum. Þar sem þetta mun vera borgun fyrir sóttþreinsun
á bústað og munum holdsveiks manns, er samkvæmt lögum 4. febr.
1898 um aðgreining holdsveikra manna frá öðrum, 11. gr., á að
greiða úr landssjóði, ber að endurgjalda sýslusjóði þessa upphæð.

2. Til sóttvarna hafa verið greiddar 100 kr. úr sýslusjóði; reikningar
yfir kostnað við sóttvarnir hafa verið sendir til landssjóðs og fylgja
eigi sýslusjóðsreikningnum. Þegar svo á stendur ætti eptirleiðis að
fylgja sýslusjóðsreikningnum afrit af slíkum reikningum.

3. Í eignaskýrslu sýslusjóðs vantar að telja stjórnartíðindi. Eptirleiðis
ætti að telja þau í eignaskýrslunni, ásamt öllum öðrum eignum
sjóðsins.

- c. Við sýslusjóðsreikning Suðurmúlasýslu þótti athugavert: 12. ág.
1. Samkvæmt gjaldlið 3, fylgiskj. 6, 8 og 9., hafa verið greiddar fyrir meðul til sóthreinsunar kr. 30 41. Þar sem borgun fyrir þetta á að greiðast úr landssjóði, sbr. lög 13. jan. 1896, 8. gr., ber að endurgjalda sýslusjóði þessa upphæð.
 2. Samkvæmt gjaldlið 4, fskj. 23—25, hafa verið greiddar fyrir hundahreinsunarmeðul í skömmtum fyrir hvern hund yfir 100 kr. á ári. Amtráðið vill vekja eptirtekt sýslunefndar á því, að óheppilegt virðist að kaupa meðul þessi í smáskömmtum.
 3. Samkvæmt gjaldlið 5 hafa verið borgaðar fyrir hundahreinsun í Geithellahreppi 46 kr. — Þar sem kvittanir vanta fyrir þessari upphæð, ber reikningshaldara að útvega þær og senda.
 4. Eignaskýrslu vantar, og ber reikningshaldara að senda hana.
- d. Við sýslusjóðsreikning Austurskaptafellssýslu þótti ekkert athugavert.
23. Amtráðsmennirnir lögðu fram sýsluvegasjóðsreikningana, er þeir höfðu endurskoðað.
- a. Við sýsluvegasjóðsreikning Norðurþingeyjarsýslu þótti athugavert:
1. Samkvæmt gjaldlið 3 hefir verið varið til Vaðkotsárbrúar kr. 17.60, en kvittun vantar fyrir þessari upphæð og ber reikningshaldara að útvega hana og senda.
 2. Skýrslur vanta um það, í hverju vegabætur þær eru fólgnar, er unnar hafa verið á kostnað sýsluvegasjóðs. Reikningshaldara ber að útvega þær og senda.
- b. Við sýsluvegasjóðsreikning Norðurmúlasýslu þótti athugavert:
1. Skýrslu um það, í hverju vegagjörð á Sandvíkurheiði er fólgin, vantar, og ber reikningshaldara að senda hana.
 2. Það sem hefir verið óeytt af landssjóðsstyrk til sýsluvegarins frá Fossvöllum norður á Brekknaheiði, er talið sem óeytt. Rjettara virðist að telja fje þetta með eptirstöðvunum.
- c. Við sýsluvegasjóðsreikning Suðurmúlasýslu þótti athugavert, að skýrslu vantar um það, í hverju eru fólgnar vegabætur þær, sem unnar hafa verið fyrir sýsluvegafjed, og ber reikningshaldara að senda slíka skýrslu.
- d. Við sýsluvegasjóðsreikning Austurskaptafellssýslu þótti athugavert, að kvittun fyrir kostnað við vegabót í Skarðsdal, að upphæð 20 kr., vantar, og ber að útvega hana og senda.
24. Lagt var fram brjef oddvitans í Vopnafjarðarhreppi, dags. 2. þ. m., þar sem hann óskar úrskurðar um það, hvort sýslunefnd Norðurmúlasýslu hafi þau umráð yfir sveitarsjóði Vopnafjarðarhrepps, að hún geti heimtað útborgað úr sjóðnum fje, sem hvorki er veitt af hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps, nje ákveðið með beinum lagaákvæðum, að borga skuli úr sveitarsjóðnum.

Amtráðið fól forseta að svara þessu erindi.

113 25. Amtsráðsmaður Norðurmúlasýslu lagði fram reikninga Eišaskólans, er hann 12. ág. hafði endurskodað.

a, Við reikning yfir tekjur og gjöld skólans 1903—1904 þótti athugavert, að greiddur hefir verið kostnaður við skólastjórn og prófdómendur með 134 kr., en kvittun fyrir þessari upphæð vantar, og ber að útvega hana og senda.

b, Við jafnaðarreikning skólabúsins 3. júní 1904 þótti athugavert, að skólastjórnin hefir virt ný hús með torfveggjum óg torfpaki þannig, að hún virðist hafa talið torfverkið einskis virði. Amtsráðið telur þessa virðingu ófullnægjandi, og ber skólastjórninni því að senda nýja virðingu á húsunum, þar sem sjerstaklega er virt torfverkið með sanngjörnu tilliti til kostnaðarins við það.

26. Amtsráðsmaður Austurskaptafellssýslu lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld bókasafns Austuramtsins 1903, er hann hafði endurskodað.

Amtsráðið hafði á síðasta fundi athugað, að sjóður safnsins við árslok 1902 væri of hár. Við síðustu árslok hefir sjóðurinn verið meira en 200 kr. nærri eða kr. 1652,01. Slíkt má alls ekki eiga sjer stað, og felur amtsráðið því forseta að leggja fyrir stjórn safnsins að verja meiru til bóka-kaupa og annara þarfa safnsins, og að öðru leyti að leggja sjód safnsins í sparisjód.

27. Lagt var fram brjef sýslumannsins í Suðurmúlasýslu, dags. 13. f. m., þar sem hann óskar þess, fyrir hönd Breiðdælinga, að skipaður verði undirbókavörður fyrir bókasafn Austuramtsins, Ari Brynjólfsson á Þverhamri.

Amtsráðið áleit þetta heppilegt, og fól stjórnarnefnd bókasafnsins þetta til frekari ráðstöfunar.

28. Var samin og samþykkt svohljóðandi

ÁÆTLUN

um tekjun og gjöld jafnaðarsjóds Austuramtsins árið 1905.

Tekjur:

1. Áætlaðar eptirstöðvar	kr. 1000,00
2. Jafnaðarsjóðsgjald	— 4500,00
	Alls: kr. 5500,00

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr. 900,00
2. Til menntamála:	
a. Til bókasafns Austuramtsins	kr. 400,00
	Flyt kr. 400,00
	kr. 900 00

	Fluttar kr.	400,00	kr. 900 00	113
b. Til kvennaskóla á Blönduósi	—	100,00		12. ág.
c. Til kvennaskóla Eyfirðinga	—	100,00		
d. Til Eiðaskólans	—	600,00	— 1200,00	
3. Til spítala á Seyðisfirði			— 300,00	
4. Til sjúkraskýlis á Brekku			— 500,00	
5. Afborgun og vextir af láni úr viðlagasjóði			— 1208,00	
6. Tillag til Búnaðarfjeldags Íslands og ferðakostnaður fulltrúa á Búnaðarþing			— 300,00	
7. Til leikfimisfjeldags Eskifjarðar			— 50,00	
8. Til óvissra útgjalda			— 492,00	
9. Eptirstöðvar			— 550,00	
			Alls: kr. 5500,00	

Amtsráðið minntist þess, að þetta er að líkindum síðasti amtsráðsfundur, er amtmaður Páll Briem heldur, og vottuðu amtsráðsmennirnir honum í einu hljóði einlægar þakkir fyrir áhuga hans og ótrauda starfsemi í þarfir i amtsins í nafni sínu og allra amtsbúa.

Feiri mál komu eigi til umræðu.

Fundarbók lesin upp og samþykkt og var svo fundi slitið 12. ágúst 1904.

Páll Briem. Einar Þórðarson. Þorgr. Þórðarson.
 Árni Kristjánsson. Sveinn Ólafsson.

Rjetta útskrift staðfestir.

Páll Briem.

Reikningur

114

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins 1903.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1902.	
Í Landsbankanum	kr. 2045 35
2. Jafnaðarsjóðsgjald	— 6000 00
3. Vextir af bankainnlögum 31. desbr. 1903	— 70 53
4. Endurgoldin fyrirframborgun	— 7 50
5. Úr gjaldlið 10 færast til jafnaðar	— 36 00
	<hr/>
	kr. 8159 38